

Brynda Dögg Ingólfssdóttir <brynda@hornafjordur.is>

---

**Til** : Jakob Gunnarsson - SLS  
**Frá** : Brynda Dögg Ingólfssdóttir <brynda@hornafjordur.is>  
**Heiti** : RE: Hótel Reynivellir - UMSÖGN HORNAFJARDAR  
**Málsnúmer.** : 202111008  
**Málsaðili** : ARKÍS arkitektar ehf  
**Efnisflokkur** : Umsögn  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 4.1.2022  
**Höfundur** : Brynda Dögg Ingólfssdóttir <brynda@hornafjordur.is>

### Viðhengi

[image001.jpg](#)

Sæll Jakob

Mér þykir leitt ef þetta hefur ekki borist til ykkar en það kemur þá núna.

Hvenær áttu von á að álit ykkar liggi fyrir?

Mefylgjandi er umfjöllun Umhverfis- og skipulagsnefndar fra því í desember:

<https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/stjorn/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=4xGoAcZqjUe2HuA40zA1&text=>

4. 202111099 - Umsögn um tilkynningarskylda framkvæmd - Hótel - Reynivellir

*Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn sveitarfélagsins vegna tilkynningarskyldrar framkvæmdar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.*

Framlögð gögn eru í samræmi við deiliskipulag sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn og er framkvæmdin byggingarleyfisskyld. Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Nefndin telur ekki að framkvæmdina þurfi að skýra frekar. Umhverfis- og skipulagsnefnd telur ekki að framkvæmdin skuli háð umhverfismati að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

og bæjarstjórnar: <https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/stjorn/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=0tOM0d0dkkaYQs0FAZ1RNg1&text=>

14. 202111099 - Umsögn um tilkynningarskylda framkvæmd - Hótel - Reynivellir

*Björgvin Óskar Sigurjónsson gerði grein fyrir því að Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn sveitarfélagsins vegna tilkynningarskyldrar framkvæmdar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.*

Lagði til að bæjarstjórn taki undir bókun umhverfis- og skipulagsnefndar þar sem kemur fram að framlögð gögn séu í samræmi við deiliskipulag sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn og er framkvæmdin byggingarleyfisskyld. Bæjarstjórn telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Það er mat bæjastjórnar að framkvæmdin skuli ekki háð umhverfismati að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Forseti lagði til að bæjastjórn samþykki ofangreinda umsögn. Samþykkt með sjö atkvæðum.

19-012\_Tilk\_matsskyldu-m\_umhverfism\_20211108.pdf

Kveðja

**Brynja Dögg Ingólfssdóttir**

Sveitarfélagið Hornafjörður

**From:** Jakob Gunnarsson - SLS

**Sent:** 04 January 2022 10:06

**To:** Brynja Dögg Ingólfssdóttir

**Subject:** FW: Hótel Reynivellir - Umsagnarbeiðni

sæl

Var sveitarfélagið nokkuð búið að senda umsögn um þetta mál?

**Jakob Gunnarsson**

Sérfræðingur, svíð umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](http://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



**From:** Brynja Dögg Ingólfssdóttir <[brynda@hornafjordur.is](mailto:brynda@hornafjordur.is)>  
**Sent:** fimmtudagur, 25. nóvember 2021 10:50

**To:** Jakob Gunnarsson - SLS <[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)>  
**Subject:** RE: Hótel Reynivellir - Umsagnarbeiðni

Takk

Þetta er mótttekið

Kveðja

**Brynya Dögg Ingólfssdóttir**

Sveitarfélagið Hornafjörður

---

**From:** Jakob Gunnarsson - SLS <[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)>

**Sent:** 24 November 2021 15:19

**To:** Brynya Dögg Ingólfssdóttir <[brynya@hornafjordur.is](mailto:brynya@hornafjordur.is)>

**Subject:** Hótel Reynivellir - Umsagnarbeiðni

Arkís Arkítektar hafa sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttokin 18. nóvember 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á hvort að umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 23. desember 2021 á tölvupóstföngin: [jakob@skipulag.is](mailto:jakob@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

---

**Jakob Gunnarsson**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](http://www.facebook.com/skipulagsstofnun)





# HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

30. nóvember 2021

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

## Hótel Reynivellir, umsögn um matsskyldu

Með tölvupósti dags. 24. nóvember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir álti Heilbrigðisnefndar Austurlands á því hvort og þá á hvaða forsendum fyrirhuguð uppbygging hótel o.fl. á Reynivöllum í Suðursveit sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Til grundvallar var tilkynning til ákvörðunar á matsskyldu frá Arkís arkitektum, dagsett 8.11.2021, auk deiliskipulags fyrir svæðið.

Fram kemur að í deiliskipulagi séu skilgreindir tveir byggingarreitir, á öðrum þeirra er fyrirhugað að reisa tveggja hæða hótelbyggingu fyrir allt að 100 gesti. Hinn byggingarreiturinn er fyrir verslun og þjónustu og á honum stendur til að reisa veitinga- og eldsneytissölu o.fl. Fram kemur að neysluvatns verði aflað úr borholu sem staðsett verður innan svæðis sem merkt er sem könnunarsvæðið vatnsveitu á deiliskipulagsupprætti. Einnig kemur fram að fráveituvatn verði hreinsað í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp sem og að frárennsli frá eldhúsum verði hreinsað í fitugildrum.


Þau leyfi sem fyrirhuguð framkvæmd er háð og varða starfssvið Heilbrigðiseftirlits Austurlands eru:

Starfsemi	Lög nr.	Helstu reglugerðir sem um starfsemina gilda
Sala á gistingu	7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	941/2002 um hollustuhætti
Sala á veitingum	93/1995 um matvæli	103/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
Vatnsveita	93/1995 um matvæli	536/2001 um neysluvatn, 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
Eldsneytisafgreiðsla	7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi
Fráveita	7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	798/1999 um fráveitur og skólp

Að framansögðu og að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er það mat Heilbrigðisnefndar Austurlands að framkvæmd sú sem hér er til umsagnar hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Reykjavík 8. desember 2021  
MÍ202112-0065 / 6.07 / K.M.

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

## Efni: Hótel Reynivellir í Suðursveit.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 24. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Fyrir liggur deiliskipulag fyrir nýtt þjónustusvæði VP45 sem liggur sunnan þjóðvegar og er í landi Reynivalla II. Deiliskipulagssvæðið er um 14 ha að stærð. Þar af eru um 10 ha ætlaðir fyrir verslun og þjónustu. 4 ha að jöðrum deiliskipulagssvæðisins verða áfram landbúnaðarsvæði. Í skýrslu framkvæmdaraðilans kemur fram að fyrirhugað er að reisa hótel á svæðinu auk þess að styrkja þjónustu við ferðamenn og heimamenn svo sem með vörุ- og eldsneytissölu auk ýmis konar afþreyingu s.s. sölu á jökla- og gönguferðum, leiðsögn o.fl. Fram kemur að deiliskipulagssvæðið einkennist af aurum.

Fjallað er um minjar í kafla 5 í skýrslu framkvæmdaraðilans. Fornleifar hafa ekki verið skráðar á jörðinni Reynivöllum. Í skýrslunni segir að skammt suðvestur af skipulagssvæðinu séu búsetuminjar sem njóta hverfisverndar. Um er að ræða skjólgarð sem kallaður er Hólaskjól. Þá er vitnað í umsögn Minjastofnunar frá 22. mars 2018. Umsögnin var veitt vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar í landi Reynivalla II. Í umsögninni kom fram að starfsmenn Minjastofnunar skoðuðu svæðið í febrúar 2018. Engar fornleifar fundust innan svæðisins en vakin var athygli á að tóft er staðsett suðvestan við deiliskipulagssvæðið. Í skýrslunni segir að taka þurfi tillit til tóftarinnar við framkvæmdir á svæðinu.

Minjastofnun veitti umsögn um tillögu að deiliskipulagi svæðisins með bréfi til sveitarfélagsins dags. 18.03.2020. Þar var vísað til úttektar starfsmanna stofnunarinnar árið 2018 og þess að engar fornleifar hefðu fundist innan svæðisins.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvárdanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýstulaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Eftornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.* Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson ([jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
b.t. Jakobs Gunnarssonar  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. desember 2021  
Tilvísun: 202111-0035  
SS  
ss

**Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar hótel á Reynivöllum.**

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 24. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd við byggingu hótel á Reynivöllum í Suðursveit eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Sveitarfélagsins Hornafjarðar, þann 16. mars 2020, um deiliskipulagstillögu við Reynivelli II.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgdu tilkynningunni og telur að þótt framkvæmdin valdi staðbundnu raski og breyti ásýnd svæðisins verulega þá sé ekki þörf að framkvæmdin fari í fullt mat á umhverfisáhrifum.


Í tilkynningunni hefði mátt fjalla mun betur um náttúrufar svæðisins og í kafla um náttúruvernd kemur ekki fram nálægð svæðisins við Vatnajökulsþjóðgarð, eða við svæði á náttúruminjaskrá (nr. (635 Breiðamerkursandur, Jökulsárlón og jökulöldur við Kvíárjökul). Ekki kemur heldur fram að svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis ([Breiðamerkursandur–Fagurhólmseyri | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)).

Ekki kemur fram hvar sótt verður efni til að hækka land á framkvæmdasvæðinu til að tryggja örugga hæð mannvirkja þar sem er flóðahætta.

Framkvæmdin er ekki staðsett innan náttúruverndarsvæðis og þótt framkvæmdinni fylgi rask á óröskuðu gróðurlendi er það ekki metið með mjög hátt verndargildi. Mestu áhrifin verða á landslag og ásýnd svæðisins og mjög mikilvægt er að byggingar og önnur mannvirki falli sem best inn í landslagið. Þá þarf að draga úr óþarfa raski og hlífa gróðri sem ekki á að raska á framkvæmdatíma. Forðast skal t.d. að mynda slóða að óþörfu. Taka þarf tillit til fuglalífs á svæðinu. Hlífa skal Hrollaugshólum við óþarfa raski, einnig við framkvæmd vatnstöku á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum ef svo ber undir

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar



Skipulagsstofnun  
bt. Jakobs Gunnarssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
[jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is) [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Dags. 21.12.2021  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2018-0385  
0.5.1

Með erindi dags. 24. nóvember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tilkynningu til ákvörðunar á matsskyldu vegna framkvæmdar varðandi hótel í landi Reynivalla II í Suðursveit.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan hefur þrívegис svarað umsagnarbeiðnum Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem snúa að ofangreindri framkvæmd hvað varðar flóðahættu, þ.e. með bréfum dags. 14. apríl 2020, 30. júní 2021 og 19. ágúst 2021. Í tilkynningunni nú er framkvæmdinni lýst með sama hætti og í síðustu gögnum sem Veðurstofan fékk í hendur og vill hún því ítreka umsögn sína sem send var sveitarfélagini þann 19. ágúst sl.

*„Veðurstofan metur sem svo að þeir líkanreikningar sem vísað er til í deiliskipulagstillöggunni uppfylli að hluta það sem lagt var til í fyrri umsögn stofnunarinnar. Gagnlegt væri að greina einnig flóðhraða til viðbótar við flóðdýpi. Umrætt svæði er þó staðsett á láglendi undir litlum halla og því líklegt að flóðhraði sé ekki mikill. Niðurstöður sýna áætlað flóðdýpi 100 ára flóðs miðað við númerandi hæð og ástand varnargarða. Niðurstöður líkanreikninga miðað við að varnargarðarnir haldist óbreyttir, en öryggi umrædds skipulagssvæðis byggist á því að varnargarðarnir séu í góðu ásigkomulagi á líftíma bygginga á svæðinu (>50 ár). Óljóst er hvaða áhrif það hefði á skipulagssvæðið ef varnargarðarnir rofnuðu.“*

Miðað við að varnargörðum sé vel við haldið og hönnun bygginga á umræddu skipulagssvæði sé hagað í samræmi við niðurstöður flóðareikninga telur Veðurstofan að dregið hafi umtalsvert úr hættu vegna flóða. Niðurstöðurnar byggja á því að öryggi og viðhald varnargarðanna sé tryggt á líftíma bygginga á svæðinu.“

Þess ber að geta að í þessari umsögn er gert ráð fyrir að gögn úr líkanreikningum byggi á áreiðanlegum heimildum eða nálgunum um rennsli hvað varðar greiningu á flóði með 100 ára endurkomutíma.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ

Tilvísun 2020010032/DGP

Reyðarfjörður

14. desember 2021



**Skipulagsstofnun**  
 Borgartún 7b  
 105 Reykjavík  
 Jakob Gunnarsson  
 jakob@skipulag.is og skipulag@skipulag.is.

**Efni: Umsögn - Hótel Reynivellir**

Vísáð er til tölvupósts frá Sveitarfélaginu Hornafirði, „Hótel Reynivellir - Umsagnarbeiðni“, frá 26.11.2021.

Vegagerðin visar í fyrrí samskipti við sveitarfélagið og gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið þar sem m.a. kemur fram á uppdrætti að gólfkóti bygginga verði í öruggri hæð miðað við áhættumat vegna flóða á svæðinu. Vegagerðin ber ekki óbyrgð á mögulegu tjóni á öðrum mannvirkjum en samgöngumannvirkjum í hennar umsjá sem verða kann vegna flóða.

Síða 1/1

Hugmyndir eru uppi um að leggja nýjan veg frá brú yfir Fellsá í ótt að Breiðabólstað. Þannig má stytta leiðina með betri veglinu og auka umferðaröryggi. Samráð hefur verið við sveitarfélög og skipulagshöfunda vegna þessa.

Vegagerðin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Vegagerðin telur því ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar.

Leyfi Vegagerðarinnar skal liggja fyrir vegna allra framkvæmda innan veghelgunarsvæða. Veghelgunarsvæði stofnvega er 30 m að breidd, mælt frá miðlinu vegar.

**Vegagerðin**  
 Búðareyri 13-15  
 730 Reyðarfjörður  
 +354 522 1000  
 vegagerdin.is  
 vegagerdin  
 @vegagerdin.is

Virðingarfyllst  
 f.h. Vegagerðarinnar  
 Daði Gils Þorsteinsson  
 Deildarstjóri tæknideilda Austursvæði